



392. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 4. júlí 2012. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Á. Sæmundsen og Hrefna Jónsdóttir starfsmenn þjóðgarðsins ásamt Lilju Jónasdóttur lögfræðingi sátu einnig fundinn.

Þuríður Backman og Björgvin G. Sigurðsson sátu fundinn símleiðis. Sigurður I. Jóhannsson kom skoðun sinni á framfæri í upphafi fundar símleiðis.

Þetta gerðist:

1. Vatnastjórnun.

Vatnanefnd óskaði eftir að Þingvallanefnd skipaði einn fulltrúa í stjórn vatnanefndar fyrir vestursvæðið. Formaður lagði til að Ólafur Örn þjóðgarðsvörður yrði skipaður fyrir hönd þjóðgarðsins og formaður til vara. Samþykkt.

2. Silfru.

Þjóðgarðsvörður lagði fram drög að vinnublaði um atburðarrás vegna undirbúnings gjaldtöku í Silfru. Lagt er til að gjaldtakan hefjist 1. september nk.

Samkvæmt reglugerð nr. 848/2005, (6. gr, e lið) um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð hefur nefndin heimild til þess að taka upp gestagjald/þjónustugjald. Lögmaður áréttar að það sé mat hverju sinni hve langur frestur er gefinn þegar gjaldtaka er tekin upp.

Þolmörkum Silfru er náð og nauðsýnslegt að setja reglur er varða umferð og öryggismál í gjánni. Brýnt sé að hefja talningu snorkara/kafara sem fyrst, til að unnt sé að byggja ákvarðanir fyrir árið 2013 á öruggum tölum. Með því eykst öryggi kafara með meiri uppbyggingu, þjónustu og öryggisreglum.

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og fundi til mánudags n.k. Í millitíðinni er þjóðgarðsverði og Lilju falið að ræða við Árna Helgason lögmann hagsmunaaðila til að sjónarmið beggja aðila séu skýr.

Fundi frestað kl. 12:32 til 9. júlí 2012.

392. fundi var fram haldið á nefndasviði Alþingis þann 9. júlí 2012. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Helgi Hjörvar, Ólafur Örn Haraldsson, Lilja Jónasdóttir lögfræðingur og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þuríður Backman og Sigurður I. Jóhannsson sátu fundinn símleiðis.

Tekið fyrir að nýju 2. dagskrármálið, Silfra.

Þjóðgarðsvörður skýrði frá fundi sem hann og Lilja sátu með Árna Helgasyni, lögmanni rekstaraðila í Silfru. Í kjölfar fundarins sendi Árni Þingvallanefnd bréf, þar sem tillaga rekstraraðila um að fresta gjaldtöku í Silfru til 1. júní 2013 er ítrekuð.

Þjóðgarðsvörður leggur fram breytta tillögu þess efnis að þjónustugjald við Silfru verði sett á frá og með 1. janúar 2013, en talning hefst sem fyrst og að öryggisreglur vegna köfunar verði settar á eins fljótt og verða má.

Formaður leggur til að öryggisreglur við köfun/snork í Silfru taki gildi frá 10. ágúst nk. Þjónustugjaldið verði innheimt frá 1. janúar 2013 á þeim grunni sem samþykktur hefur verið.

Öryggisreglurnar koma frá Siglingamálastofnun annarsvegar og innaríkiráðuneytinu hinsvegar en Siglingamálastofnun fer með umsjón með öryggi kafara.

Samþykkt að ný framkvæmdaáætlun verði gerð fyrir næsta fund Þingvallanefndar og útfra þeim gögnum muni upphæð gjaldsins verða ákveðin.

Þingvallanefnd samþykkir eftirfarandi:

- Að reglur um köfun í Silfru taki gildi eftir einn mánuð, þ.e. 10. ágúst n.k. og talning kafara hefst sem fyrst.
- Að hefja gjaldtöku 1. janúar n.k. á grunni rekstar- og framkvæmdaáætlunar sem liggja fyrir eigi síðar en 15. ágúst n.k. að lokinni kynningu fyrir hagsmunaaðilum.

Á fundinum kom fram að miðað við 12 mánaða þjónustu í Silfru og fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu þar í kring, megi áætla að gjaldið verði um 1.000 kr á mann árið 2013.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ragnheiður Elín sat hjá við atkvæðagreiðslu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10.

